

Sp.

199. Fyrirspurnir.

[157. mál]

- I. Til sjávarútvegsráðherra viðvíkjandi greiðslum á gengistöpum hjá Fiskveiðasjóði.

Frá Birni Pálssyni.

Ætlar ríkisstjórnin að hlutast til um, að leiðrétting fáiast á þeim mistökum hjá Fiskveiðasjóði, að þeir, sem lán tóku frá ársbyrjun 1961 til ársloka 1966, voru látnir greiða öll gengistöp Fiskveiðasjóðs 1967 og 1968, án þess að erlent fé væri endurlánað á því tímabili?

- II. Til menntamálaráðherra um Kennaraskóla Íslands.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær áformar ríkisstjórnin að fullgera húsnæði Kennaraskóla Íslands?

- III. Til menntamálaráðherra um endurvarp sjónvarps frá Reykhólum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvenær má búast við, að upp verði komin endurvarpsstöð sjónvarps á Reykhólum?